

Sjálfsmatskýrsla

Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu

V-19 til H-20

Unnin af

Lind Völundardóttur

Inngangur	3
1 Sjálfsmatkerfið og framkvæmd þess.....	3
2 Innra mat.....	4
2.1 Kennitölur.....	4
2.2 Umbótamat	7
2.2.1 Ný nálgun, ný svið á Kjörnámsbraut	7
2.2.2 Ný nálgun á Lista og- menningarsviði.....	7
2.2.3 Ný nálgun á Íþróttasviði	8
2.2.4 Ný nálgun á Vísindadaga og menningarferð.....	8
2.2.5 Opnir dagar	11
2.2.6 Covid-nálgun	11
2.2.7 Stuðningskerfi skólans	12
2.2.8. Nemendafundur á vorönn	13
3 Ytra mat.....	14
3.1 Ungt fólk. Unnið fyrir FAS af Rannsókn & greiningu 2018.....	14
3.2 Stofnun ársins.....	14
Viðauki	16

Inngangur

Hér birtist sjálfsmatskýrsla Framhaldsskólans í Austur- Skaftafellssýslu fyrir skólaárið 2019-2020. Sjálfsmatið er að mestu byggt á framkvæmdaáætlun sjálfsmats og í henni er farið yfir það sjálfsmat sem framkvæmt var á skólaárinu.

1 Sjálfsmatkerfið og framkvæmd þess

Sjálfsmatskerfi FAS byggir m.a. á lögum um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólasamningi og skólanámskrá. [Hér](#) má finna yfirlit yfir hlutverk og markmið Framhaldsskólans í Austur- Skaftafellssýslu. Hægt er að nálgast lýsing á [sjálfsmatskerfinu](#) á vef skólans.

2 Innra mat


2.1 Kennitölur

Í þessum kafla verður farið yfir þróun nemendaígilda, brottfalls og einkunna í FAS síðustu ár og það borið saman við núverandi skólaár.

Líkt og undanfarin ár hefur nemendum í FAS farið fækkandi og er það mikið áhyggju efni.

Nemendaígildi við upphaf á haustönn 2019 eru nemendaígildi 92,1 en nemendaígildi sem skráð eru í lokamat eru 83.

Vor 2020 eru meðalnemendaígildi í upphafi annar 85 en meðalnemendaígildi sem skráð eru í lokamat eru 74 (*mynd 1*).




■ í upphafi annar ■ í lok annar

(Mynd 1) nemendaígildi í FAS eftir önnum.

Brottfall á haustönn er 10% eða 9,1 nemendaígildi á meðan á vorönn er brottfallið 13% eða 11 nemendaígildi. Brottfallið er nokkuð stöðugt þegar tekið er mið af því að brottfallið mældist 9% á vorönn 2018 og þær verklagsreglur sem settar voru að skila árangri og minnka brottfall í skólanum (*mynd 2*).


Það sem er athygli vert er að ekki er hægt að sjá að brottfall hafi aukist á vorönn 2020 í Covid, en það er í prósentum sama og á vorönn árið á undan, eða 13%.

Tala brottfalls nemenda er hlutfall af heildartölu þeirra nemenda sem skráðir eru í áfanga í upphafi annar og heildartölu þeirra nemenda sem klára lokamat í áföngum.



(Mynd 2) brottfall í FAS eftir önnum

Meðaltal lokaeinkunna skólaárið 2019-2020 er svipað og árið á undan. Meðaltal lokaeinkunnir á vorönn 2020 7,5 (*mynd 3*). Meðaltal lokaeinkunna hefur hækkað síðastliðin ár og er sú hækkun að ná stöðugleika, sem bendir til þess að nýjar verklagsreglur sem voru settar um vorið 2018 séu að skila sér í bættum árangri.



(Mynd 3) lokaeinkunna í FAS eftir önnunum

2.2 Umbótamat

Í þessum kafla er fjallað um þau verkefni á skólaárinu 2019-2020 sem ástæða er til að halda til haga og meta. Ný verkefni eru mörg og sum sem ná yfir lengri tíma en eitt skólaár. Ný nálgun á svið kjörnámsbrautar, menningar- og listasvið og svo íþróttasvið eru meðal verkefna sem vert þykir að skoða. Þar að auki er sjónum beint að vísindadögum/menningarferð, opum dögum og því hvernig brugðist var við Covid-19 á vorönn 2020.

2.2.1 Ný nálgun, ný svið á Kjörnámsbraut

Hugmyndavinna og áætlanagerð fór af stað vorið 2019 og í kjölfar þeirrar vinnu voru sett fram tvö ný svið á kjörnámsbraut, Lista- og menningarsvið og Íþróttasvið.

2.2.2 Ný nálgun á Lista og- menningarsviði

Mikil vinna fór fram um vorið 2019 þannig að námsáætlanir voru tilbúnar um haustið þegar byrjað var að kenna á nýju listasviði. Í nýrri nálgun er gert ráð fyrir að kenndar séu eftirfarandi greinar innan sjónlista: Hlutateikning, fjarvídarteikning, lína og skyggingar. Málun með akríl /olíu/vatnslitum og litafræði. FabLAB, lósmyndun og tölvuvinnsla. Textíl, prent, litun, sniðagerð og saumar. Meiningin er að kennt sé á fyrsta, öðru og þriðja þrepi í samkenslu.

Einnig eru eftirfarandi áfangar kenndir á öðru og þriðja stigi: Smiðja og Skapandi áfangi. Þessir áfangar eru hugsaðir til að kynna nýtt námsefni og einnig til að kafa dýpra í það sem ekki næst að koma að í annarri kennslu í listgreinunum. Meiningin er að skapandi áfangi sé kenndur að hausti og smiðju áfanginn á vorönn.

Kennsla með nýrri nálgun á lista- og menningarsvið hófst að hausti 2019. Vinnan gekk mjög vel á haustönn og kom það í ljós að nýtt fyrirkomulag býður upp á marga möguleika sem fyrri nálgun bauð ekki upp á. Eins og t.d. nýting tíma í samkenslu áfanga, meira flæði milli þeirra greina sem kenndar eru og markvissari aðkomu gestakennara, bæði úr heimabyggð og annarsstaðar frá. Skapandi áfanginn sem fyrirhugaður var féll þó niður vegan ónógrar þátttöku.

Smiðja var haldin í fyrsta sinn að vori, en er sá áfangi hluti af nýrri nálgun á sviðinu. Í þeim áfanga var boðið upp á “Stories with bodies” sem var sex vikna æfingaferli sem endaði með

sýningu. Ferlið byggði á sögum þátttakenda og sögum úr umhverfinu. Verkefnið tókst vel og hafði mikið menntunargildi á breiðum grundvelli. Einnig var í áfanganum fjögurra vikna FabLab námskeið og námskeið í hljóðvinnslu, en bæði þessi námskeið breyttust vegna Covid. FabLab námskeiðið varð að Instagramnámskeiði og hljóðvinnslan að stuttmyndanámskeiði. Instagram námskeiðið gerði sig ágætlega, en stuttmyndanámskeiðið varð ekki að veruleika.

2.2.3 Ný nálgun á Íþróttasviði

Ákveðið var í upphafi skólaársins 2018-2019 að byrja vinnu að íþróttasviði í tengslum við kjörnámshraut. Ákveðið var að bjóða upp á íþróttasvið til þess að bæta við fjölbreytni fyrir nemendur sem hafa áhuga á íþróttþjálfun. Ákveðið var að bæta við fjórum áföngum sem leggja áherslu á þjálfun barna og unglunga.

Boðið var upp á íþróttasálfræði áfanga (SÁLF3ÍS05) þar sem nemendur kynnst ýmsum hugtökum og kenningum sem nýtast við þjálfun og æfingar. Samhliða því var ákveðið að bjóða upp á áfanga sem snýr að þjálfun barna og unglunga (ÍPJÁ3PB05) sem er byggður á námsefni frá ÍSÍ og ljúka þar nemendur bóklegum hluta af 1. stigi þjálfunarmenntunar ÍSÍ.

Einnig var ákveðið í samstarfi við ungmennafélagið Sindra að bjóða upp á svokallaða afreksáfanga (AFÍP1GR05 og AFÍP2FR05) þar sem nemendum gefst kostur á að stunda æfingar með meistaraflokkum félagsins og fá fyrir það einingar en þar þurfa nemendur að halda utan um æfingar og ígrunda í æfingadagbók. Vinna er að fara í gang við að þróa næringarfræði áfanga til þess að auka enn frekar á fjölbreytt nám við skólann og undirbúa nemendur fyrir áframhaldandi nám á íþróttasviði.

2.2.4 Ný nálgun á Vísindadaga og menningarferð

Á haustönn 2019 var farið í menningar- og vísindaferð á Kirkjubæjarklaustur. Þetta var í fyrsta sinn sem vísindadagar og menningarferð voru sett saman sem einn viðburður. Báðir þessir viðburðir hafa verið fastir liðir í skólastarfinu undanfarin ár.

Þessi nýbreytni kallaði á nýja nálgun og skipulagningu. Skipulag ferðarinnar var unnið af nokkrum kennurum í teymi með aðkomu skólameistara. Ferðin byggðist á hópastarfi og eftirfarandi hópar voru stofnaðir:

Nemendur unnu saman í þessum hópum með kennara. Hluti af nýrri nálgun var að nýta rútuferðina til vinnu, sem var spennandi verkefni og breytti heildar upplifun af ferðinni mikið. Kennarar voru búnir að setja fram skipuagl varðandi viðfangsefni og vinnulag. Vinnan byrjaði í skólabyggingunni áður en lagt var af stað, hélt áfram í rúttunni og hélt síðan áfram í þéttum takti fram á kvöld. Að mestu unnu hóparnir út af fyrir sig að rannsóknum og kynningum, en af og til var hópinnlegg þar sem eitthvað sérstakt var skoðað og rætt, t.d. eins og í stoppi við Eldhraun og á fleiri stöðum.

Verkefnin sem hóparnir unnu að voru sem hér segir: Umhverfisvernd, fræðsla og náttúrutúlkun, Lesið í landið - vatn og berg, Gróðurfar, ræktun og búskapur í Skaftártungu, Atvinnulíf í Skaftárhreppi á 21. Öldinni, Erlendir menningarheimar og íbúar af erlendum uppruna, Í leit að menningu í Skaftárhreppi

Umhverfisvernd, fræðsla og náttúrutúlkun

Þælt var í í hvað náttúrutúlkun er og hvernig hún tengist umhverfisvernd. Einnig var kannað hvernig landverðir nota náttúrutúlkun til að fræða gesti Vatnajökulsþjóðgarðs um náttúru og menningu svæðisins. Að lokum var frið í örgönguferð þar sem náttúrutúlkun er notuð.

Viðmælendur: Fanney Ásgeirsdóttir þjóðgarðsvörður og Jóna Björk Jónsdóttir aðstoðamaður þjóðgarðsvarðar

Gróðurfar, ræktun og búskapur í Skaftártungu

Tíminn var nýttur á þeim stöðum sem stoppað var til að líta í kringum okkur með hópnum og tala um hvernig landið leit út um 1750, hvernig samsetning búpenings var þá o.s.frv. Einnig hvað gerðist og hvernig búskapur er hér stundaður í dag. Einnig var farið yfir hvernig ásýnd landsins hefur breyst gróðurfarslega á þessum tíma.

Atvinnulíf í Skaftárhreppi á 21. öldinni

Kannað var hvernig íbúar sjá framtíðina í atvinnumálum fyrir sér og þekkingar aflað á framtíðarsýn sveitarfélagsins. Áherslan af einnig á fyrirhugaða uppbyggingu á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs.

Ævintýraferðamennska í Skaftárhreppi

Viðfangsefnið vat nútímasaga ævintýraferðamennsku í Skaftárhreppi og voru nýungar á því sviði skoðaðar í tengslum við frumkvæði einstaklinga og starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs.

Talað var við starfandi aðila í greininni til að hittu nemendur þá og ræddu við þá um efnið.

Erlendar menningarheimar og íbúar af erlendum uppruna

Gerð var athugun á hlutfalli erlendra íbúa í sveitarfélaginu og borin saman við Ísland í heild. Farið var í leiðangra og talað við íbúa á ýmsum stöðum, í bókasafninu og sjoppunni til að fá gleggri mynd af uppbyggingu samfélagsins sem býr í hreppnum.

Í leit að menningu í Skaftárhreppi.

Aðal viðfangsefnið var að kortleggja menningu í Skaftárhreppi með því að tala við skólustjóra grunnskólans og forstöðumann bókasafns. Í þessum viðtölum komu fram upplýsingar m.a. um Kjarvalsverk sem leynast víða á svæðinu og tengsl Errós og Guðjóns Samúelssonar við svæðið.

Einnig voru teiknaðir ot tekið myndir af merkilegum sjónrænum upplifunum í rútustoppum og áningarstöðum. Í rútuferðinni sjálfri var speglun og form aðalviðfangsefnið.

Tilhögun ferðar

Þetta var tveggja daga ferð og var gíst í eina nótt. Hápunktur ferðarinnar var undir lokin eða þegar kynningar voru fluttar á Kvíármýrarkambi á heimleið. Þar flutti hver hópur kynningu og voru kynningarnar teknar upp og þeim síðan skilað þegar heim í skóla var komið.

Það var einróma niðurstaða að lokinni þessari ferð að hún hafi staðið virkilega vel undir væntingum, sem vísinda- og menningarferð. Það voru allir sammála um að nýta þá reynslu sem skapaðist í þessari ferð inn í framtíðina.

2.2.5 Opnir dagar

Voru haldnir 2. -5. mars og í þetta sinn voru hópar í boði ákveðnir alfarið af nemendum, sem er ný nálgun á þennan fasta lið í skólastarfinu undanfarin ár. Hóparnir sem voru í boði voru: Matarhópur, hlaðvarp/útvarp, árshátíð samfélagsmiðlar og opinn hópur.

Kynning á vinnu hópanna fór fram í Vöruhúsinu þar sem hver hópur kynnti sitt verkefni. Kynningarnar voru fjölbreyttar og skemtilegar og tókust mjög vel. Skynja mátti mikinn áhuga og athafnagleði í þessum kynningum og verður að segjast að sú ákvörðun að vinna eingöngu með hugmyndir sem komu frá nemendum hafi gefið mjög góða raun.

2.2.6 Covid-nálgun

Eins og allir vita þá skall hér á eftir áramótin heimsfaraldurinn Covid 19 sem hafði þær afleiðingar að skólabyggingunni var lokað og allt nám fór fram í gegnum fjarveituna TEAMS. Það var aðdáunarvert að sjá og vera partur af því hve fljótt skólanum tókst að virkja starfsemi sína til fulls í þessu fordæmalausa ástandi. Kennarafundir og fundir í teymum voru haldnir oft en venjulega en voru þó hafðir styttri og var það vegna þess að tæknin kallaði á þá nálgun að áliti okkar. Haldnir voru óformlegir hittingsar á Teams í morgunkaffinu o.fl.

Hvað kennslu varðar var það lagt í hendur kennara hvernig hún fór fram. Sumir héldu sig við tíma í stundatöflu, aðrir voru með tíðari og styttri hittingsar og lögðu áherslu á að aðgengi að kennara væri mikið og gott á skólatíma. Aðferðin helgaðist af hópum og fögum. Það þarf að hrósa stjórn skólans fyrir þessi fljótu viðbrögð og traustið til kennarahópsins. Fjarkennslan gekk vel heilt yfir þó einhver afföll væru merkjanleg á nemendum þá er erfitt að segja hvort það var vegna ástandsins eða einhvers annars.

Í endaðan apríl og fyrstu vikuna í maí þá var fólk orðið þreytt á einangrun og innilokun og kom þá upp snilldar hugmynd frá nemanda, hvort ekki mætti gera sameiginlegt útiverk. Það var ákveðið að fara í það verkefni og Sindrahúsið sem stóð skammt frá Nýheimum var málað

utan sem innan af nemendum. Verkefnið var skipulagt þannig að pláss til verka var nóg (tveggja metra fjarlægð) og hópar unnu á aðskiljanlegum tímum. Góð upplifun og minning. Nú er verkið horfið því húsið var rífið í maí. Minnistæð “endalok” á erfiðum tímum einangrunar.

Útskrift að vori var með öðru sniði en venjulega. Allar umgengnisreglur voru hafðar að leiðarljósi og eingöngu mátti hver útskriftarnemi hafa með sér fjóra úr nánustu fjölskyldu, en athöfninni var streymt þannig að fleiri gætu notið. Allir voru sammála um að athöfnin hefði heppnast vel og verið falleg í alla staði.

2.2.7 Stuðningskerfi skólans

Á haustönn 2019 var ráðinn námsráðgjafi við skólann í hálfu stöðu. Um áramótin 19-20 var bætt í og frá ársbyrjun 2020 hafa tveir námsráðgjafar verið í hálfu starfi við skólann og hvor um sig í 50% stöðu.

Námsráðgjafi veitir nemendum leiðsögn í persónulegum málum sem snerta námið og skólagönguna. Verkefnin fólust í einstaklingsviðtölum við nemendur ásamt því að skipuleggja viðburði eins og námskeið um markmiðssetningu og stuðla að forvörnum, t.d var Ástráður, félag læknanema, með kynningu í skólanum.

Í einstaklingsviðtölum var farið yfir líðan, skipulagningu námsins, markmiðssetningu, aðstoð við sértækan námsvanda og margt fleira. Að auki var boðið upp á áhugasviðskönnun og styrkleikakönnun.

Vegna Covid-19 var ekki hægt að halda öll þau námskeið sem áætluð voru. Viðtöl á tímum covid fóru fram í gegnum síma eða fjarfundabúnað.

Stuðningskerfið er enn í þróun en allir eru sammála um að það sé til mikils að vinna og gott stuðningskerfi, með tilheyrandi föstum verkferlum, sé til mikilla bóta.

2.2.8. Nemendafundur á vorönn

Fjallaði var um lýðræði í FAS. Unnið var í hópum þar sem allir staðnemendur skólans tóku þátt. Spurningarnar sem settar voru fram og ræddar í hópunum voru eftirfarandi:

- Fundarskipulag. Er það gott? Er of mikið skipulag, of mikið frelsi o.s.frv.?
- Að hvaða leyti birtast þessar fjórar tegundir lýðræðis í FAS? Fulltrúalýðræði, beint lýðræði, þátttökulýðræði og nálægðarreglan.
- Hvernig stuðla ég að þessu lýðræði?
- Er eitt form æskilegra en annað?
- Er hægt að vera með of mikið lýðræði?

- Er nemendafélagið lýðræðislegt?
- Annað sem áhugi var fyrir að ræða.

Fundurinn fór mjög skipulega fram og voru miklar og fjörugar umræður á borðum. Niðurstöður fundarins er að finna í viðauka.

3 Ytra mat

Tvær skýrslur eru til umfjöllunar í þessum kafla, fyrri skýrslan unnin af Rannsókn & greiningu fyrir FAS 2018, sú seinni, Stofnun ársins unnin af Gallup fyrir Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

3.1 Ungt fólk. Unnið fyrir FAS af Rannsókn & greiningu 2018

Rannsóknin var unnin fyrir FAS og er þýðisrannsókn. Lagðir voru spurningalistar fyrir þátttakendur, eða þá sem mættir voru til skóla á ákveðnum degi. Niðurstöður könnunar eru álitnar mjög áreiðanlegar hvort sem litið er til tiltekinnar landsvæða eða hópa. Rannsóknin er liður í þeirri sókn að bæta árangur í forvörnum í framhaldsskólum og brúa bilið í þeim eignum milli grunn- og framhaldsskóla þar sem það hefur þótt vanta.

Niðurstöður skýrslunnar eru í grófum dráttum að FAS fylgir landsmeðaltali í allflestum þeirra atriða sem lögð eru fyrir. Það af þessum niðurstöðum sem við teljum að FAS þurfi að vinna sérstaklega með, fyrir utan það almenna forvarnarstarf sem er í gangi og skilar jákvæðum niðurstöðum, eru tölur um notkun drengja á áfengi blandað í orkudrykki, einnig líðan drengja í námi, afgerandi námsleiði og tilgangsleysi sem drengir finna fyrir í skólanum. Brugðist hefur verið við þessum upplýsingum með því að bæta verulega í stuðningsþjónustu og sníða uppbot og námskeið að þessari vitneskju.

3.2 Stofnun ársins

Könnunin um stofnun ársins er gerð af Gallup fyrir Fjármála- og efnahagsráðuneytið 2020.

Könnunin var framkvæmd frá febrúar til apríl 2020. Úrtakið var 27,983 manns í rúmlega 200 stofnunum. Svarhlutfall heildarkönnunar var 43%.

Þegar Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er borinn saman við allar stofnanir í sama flokki kemur skólinn betur út en aðrir skólar í öllum þeim þáttum sem prófaðir eru. Þeir þættir

sem prófaðir eru: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti. En heildar matið í þessum liðum er FAS: 4,28. Stofnanir með svipaðan starfsmannafjölda: 4,15 og allar stofnanir: 4,05.

Niðurstöður könnunarinnar sem lúta að stjórnun skólans er einnig mjög jákvæð miðað við bæði stofnanir af svipaðri stærðargráðu og stærri stofnanir.

Helst er óánægja með loftgæði á vinnustað, skrifstofurými, tölvu og tækjabúnað og hljóðvist. Einnig fær vinnustaðamenning, starfsöryggi og skýr markmmið í starfi aðeins lægri einkunn en bæði stofnanir af svipaðri stærð og stærri stofnanir. En eins og áður segir er heildarmatið afar jákvætt fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu.

Viðauki

Niðurstöður frá nemendafundi:

Lýðræði í FAS

Hópur 1

- **Fundarskipulag. Er það gott? Er of mikið skipulag, of mikið frelsi o.s.frv.?**

Nemendum finnst nægilega mikið skipulag og frelsi. En nemendum finnst ekki nóg af uppbrotum/fundum þar nemendur geta komið hugmyndum sínum á framfæri

- **Að hvaða leyti birtist þessar fjórar tegundir lýðræðis í FAS?**

Fulltrúalýðræði kemur fram í nemendaráði - þar er kosið til forseta og varaforseta

Beint lýðræði hefur lítið komið fram en eina skiptið sem við munum eftir er þegar við kusum um hvort nemendur vildu brúsa (drykkjarlát)

Þáttökulýðræði finnst okkur gott að sjá, það hefur nú komið fram tvisvar á tveim önnum. Væri gott að halda áfram með þessa fundi einu sinni á önn.

Nálægðarreglan okkur finnst þessi regla ekki koma nógu oft fyrir. Nýjasta dæmið er að foreldrar og kennarar séu að tala um að breyta skilafresti verkefna og finnst okkur að við nemendur ættum að fá að hafa eitthvað um það að segja þar sem við erum að skila verkefnum

- **Hvernig stuðla ég að þessu lýðræði?**

Við erum öll í klúbbum og getum komið hugmyndum okkar á formennina og þeir koma þeim yfir á nemendaráðið. Agnes stuðlar að þessu með því að taka ákvarðanir með hópnum

- **Er eitt form æskilegra en annað?**

Þáttökulýðræði (svona fundir)

- **Er hægt að vera með of mikið lýðræði?**

Já, með of miklu beinu lýðræði

- **Er nemendafélagið lýðræðislegt?**

Bæði og

- Annað sem þið viljið ræða.

Hópur 2

- Fundarskipulag. Er það gott? Er of mikið skipulag, of mikið frelsi o.s.frv.?
- Að hvaða leyti birtast þessar fjórar tegundir lýðræðis í FAS?
- Hvernig stuðla ég að þessu lýðræði?

- Er eitt form æskilegra en annað?
- Er hægt að vera með of mikið lýðræði?
- Er nemendafélagið lýðræðislegt?
- Annað sem þið viljið ræða.

Hópur 3

- Fundarskipulag. Er það gott? Er of mikið skipulag, of mikið frelsi o.s.frv.?
 - Nemendur FAS eru virkir.
 - Okkur finnst fundarskipulagið passlega mikið.
 - Við erum sátt við lýðræðið í FAS.
- Að hvaða leyti birtast þessar fjórar tegundir lýðræðis í FAS?
 - T.d með forseta nemendafélagsins og með nemendaráði.
- Hvernig stuðla ég að þessu lýðræði?
- Er eitt form æskilegra en annað?
- Er hægt að vera með of mikið lýðræði?
- Er nemendafélagið lýðræðislegt?
 - Flott nemendaráð.
 - Nemendaráðið er lýðræðislegt.
 - Okkur finnst nemendaráðið hafa tekið miklum framförum síðustu ár, bæði með viðburði í skóla og utan skóla.
- Annað sem þið viljið ræða.

- Bera hugmyndir undir nemendum, ákvarðanir ættu að vera bornar undir nemendum.

Hópur 4

- Fundarskipulag. Er það gott? Er of mikið skipulag, of mikið frelsi o.s.frv.?
- Að hvaða leyti birtast þessar fjórar tegundir lýðræðis í FAS?
- Hvernig stuðla ég að þessu lýðræði?
- Er eitt form æskilegra en annað?
- Er hægt að vera með of mikið lýðræði?
- Er nemendafélagið lýðræðislegt?
- Annað sem þið viljið ræða.

1. Það er fínt skipulag eins og er, ef það væri minna skipulag á þessu að þá værum við líklegast ekki að tala um þessa hluti.
2. Þátttökulýðræði, nálægðarregla og klúbbarnir.
3. Með því að taka þátt.
4. Það ætti að henta best að hafa fulltrúalýðræði í skólum.
5. Bæði og
6. Bara þegar verið er að velja í félagið.
7. Frekar að hafa forsetakosningar í nemendafélaginu á haustin heldur en á vorönn, af því þá geta nýnemar verið með.

Hópur 5

- Fundarskipulag. Er það gott? Er of mikið skipulag, of mikið frelsi o.s.frv.?
- Að hvaða leyti birtast þessar fjórar tegundir lýðræðis í FAS?
- Hvernig stuðla ég að þessu lýðræði?
- Er eitt form æskilegra en annað?

- Er hægt að vera með of mikið lýðræði?
- Er nemendafélagið lýðræðislegt?
- Annað sem þið viljið ræða.

Fundarskipulag. Góðir en mættu vera styttri.

Fjórar tegundir lýðræðis.

- Fulltrúalýðræði, okkur finnst fulltrúalýðræði bara fínt og sjáum enga galla.
- Beint lýðræði, vantar kosningar þar sem nemendur kjósa. Værum til í fleiri kosningar sem varða mikilvæg málefni.
- Þáttökulýðræði, gott þáttökulýðræði í þessum skóla.

Hvernig stuðla ég að þessu lýðræði? Spurning um ferli. Við tökum þessu alvarlega og fylgjum okkar skoðunum og mætum.

Er eitt form æskilegra en annað? Okkur finnst fulltrúa- og beint lýðræði skástu kostirnir af þessum fjórum.

Er hægt að vera með of mikið lýðræði? Okkur finnst það ekki vera hægt að vera með of mikið lýðræði en það þarf samt að vera ákveðið skipulag. Lýðræðið er líka ákveðið mikið hópskipt, s.s. alþingi að taka ákvarðanir fyrir aðra.

Er nemendafélagið lýðræðislegt? Já það geta allir sótt um í nemendafélagið, okkur finnst að við getum komið okkar skoðunum á framfæri.

Annað sem þið viljið ræða.

Hópur 6

- Fundarskipulag. Er það gott? Er of mikið skipulag, of mikið frelsi o.s.frv.?
- **Geggjað skipulag en nemendur eru til í að þeir geta komið með sína punkta.**
- Að hvaða leyti birtist þessar fjórar tegundir lýðræðis í FAS?
- **Forseti NemFAS & formenn i klúbbum.**
- **Skólareglur, kennarar, foreldrar.**
- **Nemendur eru ekki vissir um hvar á að koma með skoðanir sínar fram.**
- Hvernig stuðla ég að þessu lýðræði?
- **Við finnum ekkert dæmi um lýðræði.**
- **Við vitum ekki hvernig á að koma skoðunum sem best á framfæri.**
- Er eitt form æskilegra en annað?
- **Fer eftir aðstæðum**
- Er hægt að vera með of mikið lýðræði?

- **Lýðræði tekur langan tíma**
- Er nemendafélagið lýðræðislegt?
- **Formlegar kosningar á formönnum klúbba.**
- Annað sem þið viljið ræða.
- **Smokkavél, hafa opinn fund ef það eru breytingar á reglunum.**

Hópur 7

- **Fundarskipulag. Er það gott? Er of mikið skipulag, of mikið frelsi o.s.frv.?**

Okkur finnst fundarskipulagið bara standast kröfur

- **Að hvaða leyti birtast þessar fjórar tegundir lýðræðis í FAS?**

Fulltrúalýðræði: við kjósum í nemendaráð. Beint lýðræði: við fundum ekkert dæmi um beint lýðræði. Þátttöku lýðræði: Klúbbastarfið er gott dæmi um þátttökulýðræði

- **Hvernig stuðla ég að þessu lýðræði?**

Með því að taka þátt

- **Er eitt form æskilegra en annað?**

Það eru alltaf kostir og gallar

- **Er hægt að vera með of mikið lýðræði?**

Það er hægt að vera með of mikið lýðræði

- **Er nemendafélagið lýðræðislegt?**

Þetta er gott dæmi um fulltrúalýðræði

- **Annað sem þið viljið ræða.**

Hópur 8

- **Fundarskipulag. Er það gott? Er of mikið skipulag, of mikið frelsi o.s.frv.?**

Okkur finnst skipulagið bara nokkuð gott.

- **Að hvaða leyti birtast þessar fjórar tegundir lýðræðis í FAS?**

Fulltrúalýðræði í forsetakosningum. Þáttökulýðræði í félagstarfinu í FAS.

- **Hvernig stuðla ég að þessu lýðræði?**

Mæta og rífa kjaft og finna leið til að vera virkur í starfinu.

- **Er eitt form æskilegra en annað?**

Sums staðar er æskilegra að hafa fulltrúalýðræði

- **Er hægt að vera með of mikið lýðræði?**

Já

- **Er nemendafélagið lýðræðislegt?**

Já

- **Annað sem þið viljið ræða.**